



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu 46. sambandsþings UMFÍ
Reykjanesbæ
10. október 2009**

*Ávarpið var flutt blaðlaust.
Endurrit af upptöku.*

Ágæti ráðherra,
Formaður og forystusveit UMFÍ,
Góðir heimamenn hér í Reykjanesbæ,
Þingfulltrúar.

Það er sannarlega ánægjulegt koma hingað á þetta öfluga þing og taka þátt í því með forystu UMFÍ að fagna einstaklega glæsilegum árangri á erfiðleikatímum okkar Íslendinga. Kannski er það þversögn en engu að síður rétt að á þessu ári, sem hefur tvímælalaust verið eitt þrautamesta og erfiðasta ár okkar Íslendinga um langt skeið, þá hefur UMFÍ fagnað einhverjum glæsilegasta árangri í sögu sinni og um leið sýnt þjóðinni þann þrótt og kraft sem býr í ungmennahreyfingunni.

Við sem nutum þeirra forréttinda og ánægju að koma á Landsmótið á Akureyri og taka þátt í Unglingalandsmótinu á Sauðárkróki upplifðum ekki aðeins glæsileg mót, íþróttahátíðir, æskulýðssamkomur og fjölskylduhátíðir. Við upplifðum líka, fundum og sáum þróttinn sem býr í fólkinu í landinu og hvað við getum gert saman þegar við byggjum í senn á sögunni og samtakamætti.

Það er mikið talað með réttu um krepputíma, tíma erfiðleika og aðhalds, en það landsmót sem birtist okkur á Akureyri var á vissan hátt eins konar sigurhátíð; sigurhátíð hreyfingar sem hefur lifað erfiðari tíma heldur en þá sem þjóðin býr nú við; hreyfingar sem óx úr grasi þegar Íslendingar voru einhver fátækasta þjóð álfunnar; hreyfingar sem á tímum hinnar miklu kreppu hafði engu að síður til að bera samtakamátt og þrótt; hreyfingar sem þjálfaði sína íþróttamenn þótt engin aðstaða væri fyrir hendi í byggðarlögum landsins, hvorki innan húss né utan. Menntu

völlinn á grasflötum án þess að hafa nokkur tæki eða tól, komu saman til æfinga í bárujárnsskúrum og þurftu að klæða sig vel því að húsakynnin héldu hvorki vatni né vindum.

Svo komum við til Akureyrar á þessu mikla erfiðleika ári og Ungmennahreyfingin fyllti bæinn af ungu fólki, þjálfuðu, öguðu, glæsilegu, með mikla gleði í hjarta. Fjölskyldurnar komu með og félagarnir og sjálfboðaliðarnir. Þetta voru svo sannarlega ógleymanlegir dagar. Líka skilaboð til allrar þjóðarinnar um það hvað skiptir máli, að horfa ekki aðeins til sögunnar og sækja þaðan styrk heldur líka fram á við og sjá hvað við getum.

Þetta var ekki bara íþróttahátíð heldur líka æskulýðshátíð og hátíð fyrir hina eldri. Meðal skemmtilegri minninga minna var að taka þátt í því að reyna að leysa deilur dómnefndar og keppenda í stafsetningarkeppninni á Akureyri. Kreddufesta dómnefndarinnar féll ekki í geð keppendanna og harðar deilur voru um hvað væri hin rétta stafsetning og það féll í minn hlut að reyna að leysa úr þeirri þraut. Þetta var skemmtilegur vitnisburður um að innan um þetta mót, innan um það sem var að gerast úti á velli hinna frjálsu íþróttar eða í dráttavélakeppninni eða annars staðar, var líka komin saman sveit full af keppnishörku, sönnum ungmennafélagsanda og vildi stafsetja móðurmálið rétt, hvað sem dómnefndir kunnu að segja.

Svo fórum við til Sauðárkróks og urðum enn á ný vitni að merkilegu afreki, ég kalla það afrek UMFÍ að hafa breytt hugsunarhætti þjóðarinnar gagnvart skemmtun og iðkan ungmenna í landinu á helgi sem almenningur á Íslandi var einhvern veginn farinn að telja óhjákvæmilega einhverja mestu áhættuhelgi í lífi ungmenna í landinu. Foreldrar kviðu því vikum og mánuðum saman að börnin og unglingarnir færu á vettvang þar sem hætta væri á drykkju, ofbeldi, kynferðislegri misnotkun og öðru, jafnvel nauðgunum. Leitað var eftir því að finna öruggan vettvang þar sem allir, fjölskyldan og ungmennin, gætu komið saman, glaðst og skemmt sér, notið verslunarmannahelgarinnar á allt annan hátt.

Unglingalandsmótin eru þess vegna ekki bara vettvangur hreyfingarinnar og þeirra sem þangað koma, heldur líka sönnun þess hvernig þessi gamla hreyfing UMFÍ hefur ennþá félagslegan styrk, metnað og framtíðarsýn til að breyta hugsunarhætti Íslendinga.

Fyrir það vil ég þakka ykkur hér í dag um leið og ég óska UMFÍ til hamingju með þetta glæsilega ár. Það er ekki oft sem við getum komið saman, alla vega ekki ég og menntamálaráðherra, og óskað fólki til hamingju með glæsilegt ár á þessum erfiðleikatímum, en það er bara einfaldlega þannig með UMFÍ. Ef við lítum yfir þessi tvö landsmót og allt annað sem hreyfingin hefur gert þrátt fyrir erfiðleikana þá er þetta

einstaklega sterkt, glæsilegt og gleðilegt framtak til okkar þjóðlífs, menningar, íþróttar og uppeldis.

Að geta gert það á sama tíma og verið er að halda upp á hundrað ára afmæli landsmótanna, hundrað ára afmæli Skinnfaxes og hundrað ára afmæli hreyfingarinnar, er skemmtileg viðbót við áminninguna um hvers konar þróttur býr í þessari hreyfingu.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til þess að þakka UMFÍ fyrir þátttöku ykkar og framlag til forvarnardagsins og til forvarnarstarfsins í landinu, hve ríkulega hreyfingin hefur tekið utan um þau skilaboð og komið því áleiðis í sínu starfi að það er íþróttar- og æskulýðsstarfið, samvera fjölskyldunnar og það að fresta því sem lengst að neyta áfengis sem er besta forvörnin, besta varnarlínan til að forða ungu fólki frá því að leggja líf sitt í rúst. Í raun og veru má segja að hugsunarháttur og starfshættir UMFÍ eru í raun og veru sú forvörn sem rannsóknir hafa sýnt á undanfögnu tuttugu til þrjátíu árum að skilar mestum árangri.

Ég átti í gær ánægjulegan samræðufund með fólki víða að úr Evrópu sem hingað var komið til að kynna sér þetta starf, forvarnardaginn, skipulag hans og hugsun, hvernig okkur hefur tekist hér á Íslandi að ná íþróttar- og æskulýðshreyfingunum saman í þetta áttak. Rætt var hvort hægt væri að endurtaka það í þeirra heimalöndum. Forvarnarstarf okkar er farið að vekja athygli víða um Evrópu og fólk sækir í þessa smiðju í glímunni við hinn mikla vágest.

Það mætti í sjálfu sér hafa mörg fleiri orð um árangur UMFÍ á þessum tímamótum, en eins og ykkar ágæti formaður sagði réttilega þá er öll saga UMFÍ og það glæsilega starf sem unnið er um þessar mundir á þann veg að allt þetta felur í sér skilaboð um þau góðu og traustu gildi sem reynst hafa Íslendingum best. Þess vegna er það mikið lán fyrir okkur öll, þjóðina, að eiga ykkur að, að geta gengið að ykkar kröftuga og öflugra starfi vísu og geta sótt þrótt í það. Ef UMFÍ getur haldið svona glæsileg mót og ræktað sinn garð eins kröftuglega og raun ber vitni á þessu ári, þá ættum við öll að geta unnið okkur út úr erfiðleikunum með samtakamætti og í anda þeirra góðu hugsjóna sem gert hafa þessa hreyfingu sterka.